


1:2000




1:5000



ADALSKIPULAG HAFNARFJARÐAR FYRIR SVÆÐIÐ

## BREYTT DEILISKIPULAG

Hér er lagt fram breytt skipulag Ásvalla, Íþrótta og Útivistarsvæði Hauka. Helstu breytingar felast í stærð og breyttri lögun svæðisins. Vesturhluti svæðis þar sem áður voru æfingavellir og bifreiðastæði er tekið út, en í stað þess eru æfingavellir færðir í lægð í suðurhluta svæðis. Sundlaug sem fyrirhuguð var á svæðinu er tekin út. Tennisvellir og stígar eru færðir til. Áfram er útkeyrsla frá austurhluta svæðisins en tengist nú inn á hringtorg sem þar er fyrirhugað. Hraunkanti sunnan íþróttaleikvangs er haldið óhreyfðum en þar er ráðgert að gera útivistarstíga og gróðursetja, kallað hraungarður á uppdrætti. Hluti hraungarðs sem merktur er sérstaklega er óraskað hraun, en stígagerð er leyfð.

Nýtt æfingarsvæði á suðurhluta svæðis gerir ráð fyrir hækkun jarðvegs á því svæði um 1 meter auk þess að lækka þarf hæðir í jaðri Grísanes til þess að ná samfelldri æfingaflöt. Meðfram vesturmörkum er hraunjaðar sem haldið er óskertum. Ekki er leyfilegt að setja upp girðingar á þessu svæði. Gert er ráð fyrir að háspennulína meðfram austurmörkum svæðis verði sett í jörð. Skipulagið sýnir 241 bifreiðastæði og er gert ráð fyrir samnýtingu stæða við fyrirhugaða kirkju og sundlaug. Byggingarreitir er samkvæmt eldri uppdrætti við íþróttamiðstöðina og söluskáli á svæðinu og er það óbreytt.

Byggingarreiturinn fyrir íþróttamiðstöðina er 7000 m2 í heildina, mænishæð hámark 35 metrar er óbreytt. Byggingarreitur fyrir söluskála er sá sami 24 m2, með hámarks mænishæð 3.0 metra frá gólfkóta. Vegna tilfærslu æfingasvæða að þá er gert ráð fyrir búningshúsi á suðurhluta svæðis neðan við Hraungarð. Byggingarreitur þar er 266 m2, fyrir hús á einni hæð. hámarkshæð í mæni frá gólfkóta er 3.0 metrar. Áfram er gert ráð fyrir stúkubyggingum við gervigrasvöll og aðalleikvang, og einnig er haldið opnum þeim möguleika að byggja yfir gervigrasvöll.

Byggingarreitur vegna boltahúss yfir gervigrasvöll er 12.000 fermetrar. Mænishæð langs eftir miðju vallar er 20 metrar frá gólfi, en 10 metrar yfir hliðarlínum vallar. Stúkubygging við aðalleikvang yrði væntanlega sambyggð við suðurgafl boltahúss. Stærð svæðis var áður 16.6 ha en er nú 15 ha.

## SKÝRINGAR

- BYGGINGARREITIR
- NÚV.BYGGINGAR
- HRAUNGARÐUR
- ÓHREYFT HRAUN
- ÆFINGARSVÆÐI
- AÐALLEIKVANGUR
- MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS
- GÖNGULEIÐIR
- BIFREIÐASTÆÐI OG VEGIR

Deiluskipulagsuppdráttur þessi fellur úr gildur og kemur í staðin fyrir deiluskipulagsuppdrátt dags. 06.07.2000 sem öðlaðist gildi 29.09.2000

DEILISKIPULAG ÞETTA VAR SAMÞYKKT Í SKIPULAGS- OG BYGGINGARRÁÐI HAFNARFJARÐAR

ÞANN: 25. MAÍ 2004

Bjarki J[illegible]

FH SKIPULAGS- OG BYGGINGARRÁÐS HAFNARFJARÐAR

DEILISKIPULAGS BREYTING ÞESSI, SEM FENGIÐ HEFUR MEÐFERÐ SAMKVÆMT 1. MGR. 26. GR. SKIPULAGS- OG BYGGINGARLAGA NR. 73/1997 VAR SAMÞYKKT Í BÆJARSTJÓRN HAFNARFJARÐAR

ÞANN: 1. JÚNÍ 2004

BÆJARSTJÓRINN Í HAFNARFIRÐI

SKIPULAGSSTOFNUN HEFUR FENGIÐ ÞESSI GÖGN TIL YFIRFERÐAR Í SAMRÆMI VIÐ LÖG NR. 73/1997

SKIPULAGS- OG BYGGINGAREFTIRLITSDEILD HAFNARFJARÐAR.

# DEILISKIPULAG ÁSVALLA

98107asv/2004/t grunnur br2004.dwg

| | |
|---|---|
| VERK | ÁSVELLIR HAFNARFIRÐI |
| VERKHLUTI | BREYTING Á DEILISKIPULAGI |
| LÝSING | GRUNNMYND |

| | |
|---|---|
| MKV. | 1:5000/ 1:2000 |
| DAGS. | 21.05.2004 |
| HANNAÐ | PJ |
| TEIKNAÐ | PJ |

LANDARK
PÉTUR JÓNSSON LANDSLAGSARKITEKT
TEIKNISTOFA STÓRHÖFÐA 17
SÍMI 567-7737 FAX 567-7736

VNO. 98-107asv

TNR. 01